



## Fjalla ferð Flakkara 1998.

Laugardagurinn 22. ágúst rann upp bjartur og fagur. Við bjuggumst til ferðar ásamt honum Ödda sonarsyni okkar. Ferðin var heitið inn Eyjafjörð að Laugafelli og niður í Skagafjörð. Við ókum fram Eyjafjörð, og hittum nokkra Flakkara innan við Hólsgerði, en þeir höfðu haft þar næturstað. En langt er þaðan fram í fjarðarbotn. Eftir því sem innar kom þrengdist dalurinn og var sumstaðar ekið við árfarveginn. Víða streymdi lindarvatn niður fjallshlíðarnar og myndaði fannhvíta fossa. Þegar við komum uppá hálendið var hrjóstrugt um að litast, grjót og malaröldur, enginn gróður. Þegar inn að Laugafelli kom voru nokkrir Flakkarar komnir í laugina, en aðrir lituðust um og nutu góða veðursins. Þegar við hugðumst halda á brott, kom í ljós að allir áttu að greiða kr. 250.- í viðverugjald, og það hneykslaði Ödda mjög. Næst var stoppað við Reyðarvatn, sem var spegilslétt og á vatninu




syntu tveir svanir með unga sína.  
Margir Flakkarar hugðu þarna  
að veiðiskap og renndu fyrir silung. En  
ekki leit hann við  
girnilegri beitu. Nú var ekið áfram og  
niður Þorljótsstaðarfjall.  
Nokkuð bratt er niður af fjallinu og  
komið niður i Vesturdal.

Dalurinn er vel gróinn og eftir honum  
rennur Hofsá og sameinast  
hún Vestri-Jökulsá við Goðdali.  
Hópurinn tók sér náttstað á  
fallelegri flöt við ána. einstaklega fagurt  
veður var, en svalt  
um nóttina. Við vöknuðum í glaða  
sólskini daginn eftir og nutum  
útiveru fram yfir hádegi. Þá héldim við  
og nokkrir félagar af  
stað og var ferðinni heitið að Ábæ i  
Austurdal. Dalurinn er 50 km  
langur og eftir honum rennur austari-  
Jökulsá i hrikalegu gljúfri.

Kláfferja er yfir ána við Skatastaði.  
Þegar við komum að brúnni  
yfir Jökulsá. komumst við ekki yfir  
hana á stærri bílunum. Þá buðu  
Alli og Gunni okkur að koma yfir í  
sína bíla, og þar var þétt setið.

Vegurinn var slæmur, en áfram  
skröltum við þó. Síðasta spölinn



að Ábæ gengum við. Brú er yfir  
Ábæjará,, sem remnur eftir  
hrikalegu gili skammt frá kirkjunni.  
Ábæjarkirkju er fyrst  
getið árið 1318. En kirkjan sem nu  
stendur var byggð árið 1921,  
en bærinn fór í eyði 1941. Kirkjan er  
ósköp litil  
og falleg. Einn gluggi er á, kirkjunni,  
og urðum við á láta okkur  
nægja að lita inn um hann, því kirkjan  
var læst. Útsýni er fallett  
inn dalinn, þar rennur áin eftir eyrum  
því nokkurt undirlendi er  
þarna. Eftir nokkurn stans héldum við  
til baka og komumst leiðar  
okkar, eftir snilldar akstur ökumanna  
okkar. Þökk sé þeim fyrir  
að ferja okkur á þennan ógleymanlega  
stað. Þetta var einstaklega  
vel heppnuð ferð, og komum við sæl  
og glöð heim seint um kvöldið.  
Flakkarar 110.